

# Athugasemdir við starfsleyfistillögu til handa Fjarðalax ehf. vegna fiskeldis í Fossfirði og viðbrögð Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi á tímabilinu 5. desember 2011 til 30. janúar 2012. Tillagan lá frammi á skrifstofu Vesturbyggðar á sama tíma.

Auk opinberrar auglýsingar var tillagan sérstaklega send til umsagnar til Fjarðalax ehf., Heilbrigðisnefndar Vestfjarða, Vesturbyggðar, Ísafjarðarbæjar, Tálknafjarðarhrepps, Náttúrustofu Vestfjarða, Fjórðungssambands Vestfirðinga, Ferðamálasamtaka Vestfjarða, Skipulagsstofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar, Fiskistofu, Orkustofnunar, Landhelgisgæslu Íslands, Siglingastofnunar Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Landssambands smábátæigenda, Landssambands veiðifélaga, Skelræktar, Æðarræktarfélag Íslands, Gyðu-áhugamannafélags, Íslenska kalkpörungafélagsins ehf., Hafkalks ehf., Nýskeljar ehf., Vesturkaupa ehf. og Arnarlax ehf.

Umhverfisstofnun hélt sameiginlegan kynningarfund um tillögur að starfsleyfum fyrir Fjarðalax ehf. í Fossfirði og Arnarlax ehf. í Arnarfirði. Fundurinn var haldinn þann 24. janúar s.l. í félagsheimilinu Baldurshaga á Bíldudal. Fundurinn var þrýðilega sóttur.

Við auglýsingu á starfsleyfistillögunni var gerð grein fyrir viðbrögðum stofnunarinnar við þeim athugasemdum sem fram komu við drög að starfsleyfistillögu en þau voru send til Heilbrigðisnefndar Vestfjarða, Orkustofnunar og Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Athugasemdir við tillögu að starfsleyfi Fjarðalax ehf. á auglýsingatíma komu frá fimm aðilum. Hér á eftir er gerð grein fyrir þessum athugasemdum og viðbrögðum Umhverfisstofnunar við þeim.

- a. Bæjarráð Vesturbyggðar tók tillöguna fyrir á bæjarráðsfundi þann 10. Janúar 2012. Ákveðið var að gera ekki athugasemd við tillöguna.
- b. Landssamband veiðfélaga leggst eindregið gegn veitingu starfsleyfis til að ala norskættaðan lax í sjókvíum við strendur landsins. Fram hafi komið í umfjöllun Skipulagsstofnunar að alls óvíst sé um áhrif laxeldis í sjókvíum á villta laxastofna. Í norsku laxeldi sleppi u.þ.b. 1 lax úr kvíum fyrir hvert tonn sem alið er. Til lengri tíma litið sé hætt við því að hlutfallið verði enn hærra hér á landi sökum veðurs og fleiri þátta.

Verði starfsleyfi gefið út til handa Fjarðalax ehf. gerir LV kröfu um að sett verði í starfsleyfið ákvæði um að örmerkja skuli hluta útsettra seiða næstu fjögur ár eða þar til kemur að endurskoðun starfsleyfisins samkvæmt tillögunni. Fiskistofa muni síðan í rekstrarleyfi tiltaka það magn sem örmerkja

skuli og telst nægilegt til að vísbendingar fáist um afdrif strokulaxa. LV telur að eðlilegt hlutfall sé að fimmtungur útsettra seiða sé merktur í þessu skyni.

- Starfsleyfi fjallar um starfshætti, mengunarmörk, mengunarvarnaeftirlit, mælingar og vöktun.
- Umsókn Fjarðalax ehf. uppfyllir form- og efnisreglur skv. lögum nr. 7/1998 og reglugerð nr. 785/1999 og Umhverfisstofnun er því ekki stætt á hafna henni með öllu. Hlutverk Umhverfisstofnunar í þessu máli er að setja rekstraraðila reglur um áðurnefnda þætti (starfshætti, mengunarmörk, mengunarvarnaeftirlit, mælingar og vöktun).
- Mengun er skilgreind í lögum nr. 7/1998. Umhverfisstofnun bendir á að starfsleyfum stofnunarinnar er ekki ætlað hlutverk í sambandi við erfðablöndun laxastofna.

LV sendi inn viðbótarathugasemd þar sem bent er á að í drögum að reglugerð sem er í vinnslu hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu en samkvæmt þeim er sé það meginviðmið að lágmarksfjarlægð milli sjókvíaeldisstöðva skuli vera 5 kílómetrar. Miðað við uppgöfnar staðsetningar sé vafi á að fjarlægðarmörk standist fyrir eldiskvíar hjá Arnarlaxi ehf. annars vegar og Fjarðalaxi ehf. hins vegar Jafnvel þó að áminnst reglugerð hafi ekki tekið gildi sé er að mati LV ótækt að gefa út starfsleyfi fyrir nýjum eldiskvíastöðvum, nema það samræmist ákvæðum hennar.

- Ekki er heimilt að fresta útgáfu á grundvelli reglugerðar sem ekki hefur verið sett en verið sé að vinna að enda er slík reglugerð enn á hugmyndastigi.
- Í greinargerð Umhverfisstofnunar með auglýstri tillögu að starfsleyfi Arnarlax ehf. hefur stofnunin hins vegar fjallað um núgildandi reglu sem kveður á um 2 km fjarlægð: „Athygli Arnarlax ehf. var vakin á þessari nálægð eldissvæðanna og funduðu Umhverfisstofnun og forráðamenn Arnarlax ehf. um málið. Niðurstaða framkvæmdaáðila var að hann taldi ekki rétt að breyta umsókninni vegna þessa. Í reglugerð nr. 105/2000, um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna, grein 4.2, kemur fram að fjarlægð á milli sjókvíaeldisstöðva innbyrðis skal ekki vera minni en 2 km við loftlínu en eins og áður segir eru um 900 metrar frá svæði Fjarðarlax ehf. þar sem styst er. Það er álit Umhverfisstofnunar að stofnuninni sé ekki heimilt að hafna þessari hnitsetningu. Byggir sú niðurstaða á því að reglugerð nr. 105/2000 gerir ráð fyrir því að þáverandi embætti veiðimálastjóra geti veitt tímabundnar undanþágu frá þessum ákvæðum til allt að tveggja ára ef fyrir liggur jákvæð umsögn fisksjúkdómanefndar.”

- c. Hafkalk ehf. sendi inn umsögn þar sem rakin var saga rekstrar fyrirtækisins sem hófst með því að fyrirtækið Hlein ehf. hóf kræklingarækt í Fossfirði árið 2000. Á þeim tíma voru gefið út starfsleyfi af heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og lagðar söfnunarlínur. Árið 2004 kom í ljós að kadmíum mældist yfir viðmiðunarmörkum og þá var kræklingaræktinni hætt. Línurnar lágu þó áfram í sjó og árið 2005 kom í ljós að í stað kræklingans sem dettur af línunum af ýmsum ástæðum var komið mikið magn beltisþara. Mál þróuðust síðan þannig að þarna hófst af þessu tilefni þararækt með framleiðslu fæðubótarefna í huga. Áramótin 2008/2009 var nafni Hleinar ehf. breytt í Hafkalk ehf. Styrkur fékkst frá Rannsókn- og nýsköpunarsjóði til tilraunaræktunar og mælinga á vaxtarhraða beltisþarans og umsjón með verkefninu sem stendur enn yfir, hefur Karl Gunnarsson frá Hafrannsóknastofnuninni. Fyrir liggur að núgildandi starfsleyfi gildir fyrir þararæktun og að leyfið gildir til 2019.
- d. Andraútgerðin ehf. sendi inn ábendingu sem fjallar um að í Noregi hefur verið blandað efnum í fóður, svo sem diflubenzuron og teflubenzuron. Tilgangurinn er að drepa laxalús. Komið hefur í ljós að önnur skeldýr geta orðið fyrir áhrifum af þessari efnanotkun og er bent sérstaklega á rækju í þessu sambandi. Óskað er eftir upplýsingum um hvort um einhverjum svona efnum er blandað í fóður sem notað er á Íslandi og hvort einhver lög eða reglugerðir banna notkun slíkra efna og þá í framhaldinu ef notkun aukaefna til að drepa laxalús er bönnuð í fóðri sem notað er hér á landi hvert er þá eftirlitið með því að enginn svona efni eru notuð.
- Umhverfisstofnun óskaði eftir upplýsingum frá dýralækni fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun. Umrædd lúsarlyf eru meðal þeirra mest notuðu lúsarlyfja hjá mörgum laxeldisþjóðum, ekki síst í Noregi. Í svarinu kom fram að lúsarlyf (hvers kyns) hafa aldrei verið notuð í íslensku fiskeldi sl. rúm 20 ár. Þetta kemur til af því að hin eiginlega laxalús (*Lepeophtheirus salmonis*) hefur ekki verið vandamál hér á landi (sjór of kaldur og sumur of stutt). Hins vegar hafi svokölluð fiskilús (*Caligus elongatus*) verið nokkuð algeng hér við land og kemur við sögu í flestu sjókvíaeldi að einhverju leyti. En sá munur er á að fiskilús er minni (með sogskálar) og veldur ekki sárum á kvíafiski eins og laxalús gerir (með bitklær) en getur þó verið hvímeið og valdið óþarfa áreiti. Ekki hefur komið til þess að þurft hafi að meðhöndla fisk við lús hér við land.
  - Dýralæknir fisksjúkdóma lét þess einnig getið að málaflokkurinn heyrir allur undir Matvælastofnun (svið um dýraheilbrigði og velferð dýra) og er strangt eftirlit með slíkri lyfjagjöf. Lög og reglugerðir kveða skýrt á um að öll slík lyfjagjöf sé bönnuð. Heimilt er þó að víkja frá slíku banni með samþykki dýralæknis fisksjúkdóma (Mast), en slík undanþága skal ígrunduð og rökstudd. Innflutningur slíkra lyfja er einnig bannaður en ef heimild er gefin út til notkunar þess konar lyfja þá þarf dýralæknir fisksjúkdóma að sækja um það sérstaklega til Lyfjastofnunar. Hjá lyfjastofnun er starfandi nefnd sem tekur fyrir þessar

umsóknir (í henni situr m.a. dýralæknir á vegum yfirdýralæknis og er hann með í ráðum þegar fjallað er um dýralyf). Ef rökstuðningur er tekinn gildur og lyfið er viðurkennt til notkunar innan EES-svæðisins þá gefur Lyfjastofnun út formlega undanþágu stílaða á dýralækni fisksjúkdóma sem þar með er orðinn ábyrgur fyrir innflutningi og allri notkun lyfsins.

- Lög eða reglugerðir sem ná utan um notkun slíkra efna heyra því ekki undir Umhverfisstofnun að öðru leyti en að það ber að gera grein fyrir notkuninni í grænu bókhaldi.

- e. Skipulagsstofnun ítrekar að í niðurstöðu ákvörðunar Skipulagsstofnunar frá 5. maí 2011 kemur fram í niðurstöðum m.a. á bls. 12
- „Skipulagsstofnun telur þó ekki hægt að líta fram hjá því að kæmi til þess að fyrirtækin Fjarðalax ehf. og Arnarlax ehf. hæfu bæði fullan rekstur, auk þeirra sem nú þegar hafa fengið leyfi til fiskeldis í firðinum, yrðu umtalsverðar líkur á því að farið verði fram úr burðargetu Arnarfjarða.“ .... Miðað við þær forsendur sem fram hafa komið um burðarþol Suðurfjarða er nauðsynlegt að hafa burðarþol sérstaklega í huga komi til leyfisveitinga fleiri en eins fiskeldis til viðbótar þeim sem fyrir eru. Skipulagsstofnun telur að komi slík staða upp þurfi við leyfisveitingar að tryggja að fyrirhuguð starfsemi verði byggð upp í áföngum og með hliðsjón af samlegðaráhrifum eldisins með annarri starfsemi á svæðinu.“*

Þá er ítrekað og enn vitnað í tilkynninguna að mikilvægt sé að Fjarðalax ehf. nýti niðurstöður vöktunar við ákvörðun á staðsetningu kvía innan eldissvæðisins á hverjum tíma svo og lengd tímabils svæðið eða einstaka hluta svæðisins. Gert er ráð fyrir að svæðið sé hvílt í heild í 3-9 mánuði. Skipulagsstofnun telur rétt að miða við LENKA mat um burðargetu hafsvæða við leyfisveitingu starfsleyfa fyrir fiskeldi að teknu tilliti til annarrar mengandi starfsemi á sama svæði. Telur stofnunin mikilvægt að fiskeldið sé byggt upp í áföngum og að við þá uppbyggingu sé haft náið samráð við Umhverfisstofnun og Fiskistofu. Þá verði að tryggja að leiðbeiningum um vöktun og skýrslugerð sé fylgt í hvívetna og niðurstöður vöktunar séu nýttar um áfangaskiptingu eldisins.

Samandregið hefur Skipulagsstofnun þrjár athugasemdir: Í fyrsta lagi telur Skipulagsstofnun að ekki sé tekið tillit til ábendinga sem varða áfangaskiptingu í uppbyggingu og nýtingu vöktunarniðurstaðna til að ákveða frekari áfangaskiptingu eldisins. Í öðru lagi er það átalíð að ekki séu sett skilyrði um lágmarks hvíld svæða eftir slátrun. Þá er bent á er að það sé ekki að sjá að það tekið sé tillit til ábendinga um örmerkingu seiða.

- Starfsleyfi fyrir fiskeldi í Fossfirði, gefið út af Heilbrigðisnefnd Vestfjarða til handa Jónatani Þórðarsyni í Fossfirði, mun samkvæmt upplýsingum Fjarðalax ehf. verður skilað inn og það fellt niður þegar nýtt starfsleyfi tekur gildi. Ekki er því um að ræða að leggja eigi saman starfsleyfisheimildir.

- Áfangaskiptingu er erfitt að útfæra í starfsleyfi og er óþarft að mati Umhverfisstofnunar. Í stað beinna ákvæða um áfangaskiptingu hefur Umhverfisstofnun eftirlit með mengun, svo sem upphleðslu efna, næringarefnaauðgun og súrefnisþurrð. Ef það stefnir í óæskileg áhrif að mati stofnunarinnar getur hún gripið til greinar 1.7 um breyttar forsendur eða, eftir atvikum greinar 1.6, um endurskoðun starfsleyfis, til þess að knýja á um auknar mengunarvarnir og/eða breytingu á heimildum.
- Umhverfisstofnun hefur í ljósi athugasemdar Skipulagsstofnunar breytt texta í grein 2.4 þar sem þess er getið að nota eigi umhverfisvöktun til hliðsjónar við framkvæmd á flutningi eldiskvía.
- Örmerking seiða snýr að vöktun á erfðablöndun laxastofna. Umhverfisstofnun bendir á að starfsleyfum stofnunarinnar er ekki ætlað hlutverk í sambandi við erfðablöndun laxastofna.

Fáeinir aðrar breytingar frá auglýstri tillögu voru gerðar að eigin frumkvæði Umhverfisstofnunar:

Breytt var orðalagi greinar 1.5, einnig kröfum í grein 2.4 og þar er nægilegt að tilkynna um flutning eldiskvía, enda eru komin inn áður nefnd viðmiðun um að flutningur eldiskvía taki mið af niðurstöðum vöktunar. Í grein 2.7 var löguð villa. Þá var sett inn lagatiltvun um varp í hafið í grein 2.9. og tekin út hluti greinar 2.10 sem ekki var talinn eiga við um starfsemina. Bætt var við skýringu í grein 3.1. Grein 3.2 um eftirlit með eldisbúnaði var felld niður vegna þess að hún heyrir undir annað stjórnvald og það veldur frekari breytingum á grein 4.1. Grein 4.4 var breytt til samræmis við önnur nýleg starfsleyfi. Gerðar voru lítilsháttar orðalagsbreytingar á grein 5.1.